



Hafnarfjörður 12. mars 2019

Minnisblað um samvinnuverkefni lögreglu höfuðborgarsvæðisins og Hafnarfjarðarbæjar.

Síðastliðið haust kom Sigríður Björg Guðjónsdóttir lögreglustjóri að máli við bæjaryfirvöld um að koma á samstarfsverkefni til að efla samvinnu Hafnarfjarðarbæjar og lögreglunnar í málum barna og unglunga. Starfsmenn Fjölskyldu-, frístunda- og fræðslusviðs Hafnarfjarðarbæjar funduðu í kjölfarið með fulltrúum lögreglu og settu upp ramma að verkefni þar sem LRH leggur til lögreglumann sem mun vinna náðið með starfsfólki Fjölskyldu-, fræðslu og frístundapjónustu Hafnarfjarðarbæjar. Lögreglan myndi þannig vinna náðið með félagsráðgjöfum og sálfræðingum sveitarfélagsins, stjórnendum skóla og félagsmiðstöðva og veita stuðning og leiðsögn í úrvinnslu mála. Verkefnið myndi þannig efla og styðja við BRÚAR-verkefnið og þannig efla stuðning og þjónustu við börn í sveitarfélaginu.

Mikilvægt er að styðja við fjölskyldur í sveitarfélaginu og má nefna að umrætt verkefni fellur einnig vel að áætlunum sveitarfélagsins um Barnvænt sveitarfélag sem unnið verður í samvinnu við UNICEF. Stefnt er að því að verkefni starfsmanns lögreglunnar nái til annarra verkefna sbr. verkefni gegn heimilisofbeldi, forvarnarvinna í félagsmiðstöðvum og skólum, samráðshópi heilsugæslu, BUGL og bæjarins umfjölþættan vanda barna og unglunga.

Lögreglan tilkynnti svo á samráðsfundi með Fjölskyldupjónustu og Fræðslu- og frístundapjónustu síðastliðinn föstudag að ráðinn hafi verið lögreglumaður sem getur hafið störf við verkefnið 18. mars nk. til eins árs. Hann verði staðsettur Fjölskyldusviði en tilheyrir Upplýsinga- og áætlanadeild LRH (UÁD). Hann verður með tölvu, síma og bifreið á vegum lögreglunnar.

Lögreglumaðurinn sem ráðinn hefur verið heitir Birgir Örn Guðjónsson. Hann hefur viðamikla reynslu og er áhugasamur um verkefnið. Um er að ræða árs tilraunaverkefni.

Búið er að setja saman undirbúningshóp til að marka verkefni nýja starfsmannsins og markmið. Í hópnum verða Birgir Örn Guðjónsson, lögreglumaður, Marta hjá upplýsinga og áætlanadeild LRH, Haukur Haraldsson, sálfræðingur Fjölskyldupjónustu, Geir Bjarnason, íþróttafulltrúi frá Fræðslu- og frístundapjónustu og Hulda Björk Finnsdóttir, verkefnastjóri BRÚARINNAR.

Hópurinn fær það verkefni að setja ramma að starfslýsingu og helstu verkefnum lögreglumannsins og fylgja verkefninu eftir sem nokkurskonar stýrihópur. Þýr hópurinn til matsviðmið til að mæla árangur verkefnisins. Áhersla lögreglunnar er m.a. að vinna með mál er tengjast ofbeldi og fíkniefnaneyslu og eru þau mál mælanleg.

Ákveðið er að undirbúningshópurinn hittist hið fyrsta þar sem lögð verði drög að staframma og erindisbréfi.



HAFNARFJÖRÐUR

Starfsmenn bæjarins sem komið hafa að undirbúningi meta að lögreglumaður gæti komið að ýmsum málum og verkefnum vegna barna undir 18 ára Hafnarfirði:

Barnavernd

- Aðkoma að málum þar sem tilkynningar berast um afbrot og áhættu hegðun en ákveðið er að ekki skuli hefja könnun máls hjá barnavernd. Þar er mikilvægt að lögreglumaður geti haft aðkomu að því að hitta viðkomandi.

Heimilisofbeldisteymi

- Mikilvægt að hafa aðgang að lögreglumanni í ákveðnum málum þar sem börn eiga hlut að máli.

Grunnskólar

- Veitir skólum leiðsögn og stuðning vegna mála sem koma upp sem tengjast áhættu hegðun, glæpum og skemmdarverkum.
- Mikilvægt að lögreglan sé sýnilega inni skólanum.
- Tekur þátt í forvarnastarfi skóla.
- Tekur þátt í forvarnasamstarfi heimila og skóla s.s. með þátttöku og fræðslu á foreldrafundum .
- Veitir foreldrarólti upplýsingar um stöðu í hverfum og leiðsögn varðandi vinnulag.

Félagsmiðstöðvar

- Veitir leiðsögn og stuðning vegna mála sem koma upp sem tengjast áhættu hegðun, glæpum og skemmdarverkum.
- Tekur þátt í verkefnum í tengslum við hópastarf þar sem unnið er með börn og unglinga sem sýnt hafa áhættu hegðun- í samvinnu við FRÆ og FRÍ og Fjölskþj. Unglingar sem eru í þjónustu jafnvel hjá BRÚNNI eða barnavernd.
- Veitir leiðsögn og stuðning í málum sem tengjast forvörnum .
- Vinnur með og veitir Götuvitanum, leitarstarfi félagsmiðstöðva leiðsögn og handleiðslu vegna úrvinnslu mála.

BRÚIN

- Aðkoma lögreglumanns í vinnslu unglíngamála, þar sem áhættu hegðun á sér stað.
- Hægt að kalla inn í viðtöl. Ráðgjöf lögreglustarfsmanns til foreldra í gegnum ráðgjafa BRÚARINNAR.

Ungmennahús

- Tekur þátt í verkefnum í tengslum við hópastarf þar sem unnið er með börn og unglinga sem sýnt hafa áhættu hegðun.
- Veitir leiðsögn og stuðning í málum sem tengjast forvörnum



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjarðarbær

- Þátttaka í samstarfundum með yfirstjórnendum lögreglu og Hafnarfjarðarbæjar.
- Þátttaka í Litla hópi, samráðs- og upplýsingafundir Hafnarfjarðarbæjar, framhaldsskóla og lögreglu.
- Veitir leiðsögn varðandi vinnu og forvarnir Hafnarfjarðarbæjar vegna skemmdarverka á stofnunum bæjarins.

Unnið af Hauki Haraldssyni og Geir Bjarnasyni.

Fanney Dís í Ketla Halldórsd.

Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri Fræðslu- og frístundaþjónustu

Rannveig Einarisdóttir
Rannveig Einarisdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.

